



Pési

Næsti Pési kemur út
15. okt. 2015. Efni þarf
að berast í síðasta lagi
11. okt 2015.

Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18.



Lánstími safnefnis er 30 dagar nema annars sé getið.

Alltaf hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi:

Mánudaga—fimmtudaga: 16:00-20:00

Föstudaga: 13:00-18:00

Opnunartími getur breyst þegar hefðbundin íþróttastarfsemi hefst.

Ágúst 2015
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

25. árgangur.
296 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

September er runninn upp og haustið í nánd. Það má segja að með haustiinu breytist takturinn dálítið. Tími sumarfría búinn og undirbúningur undir veturinn að hefjast og hlutirnir að komast í fastar skorður.

Uppskeruhátíðin um síðustu helgi tókst vel. Það góða við þá hátíð er að reynslan sýnir að hún er nokkuð óhád veðri og vindum því fólk gerir sér greinilega ferð til að skoða það sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða þar sem flest getur farið fram innanhúss. Ánægjulegt er að heimafólk virðist ná að selja verulegt magn af afurðum sínum og jafnframt í leiðinni auglýsa starfssemi sína. Það er mikilvægt að Uppskeruhátíðin verði hátíðin okkar og við getum haft bæði gagn og gaman af henni.

Í tengslum við Uppskeruhátíðina þá var í Félagsheimilinu sett upp drög að skiltum sem eiga að fara upp í „garðinn“ á Flúðum og hjá Fjalla-Eyvindi. Skiltadrögin eiga þar að standa uppi í einhvern tíma til kynningar. Þetta verkefni hefur verið í vinnslu í tvö ár og nú fer vonandi að sjá fyrir endann á því. Það væri gott að fá ábendingar frá fólki sem telur að eitthvað mætti betur fara en Anna Ásmundsdóttir hefur haldið utan um textavinnuna. Þá stendur einnig til að hafa hugmyndasamkeppni um hvað „garðurinn“ í heild sinni á að heita. Það verður spennandi að sjá hvað fólki dettur í hug í því sambandi.

Nú líður að því að Tómas Þórir hætti sem hirðingaraðili sorps í Hrunamannahreppi að eigin ósk. Íslenska Gámafélagið (ÍG) mun sjá um að hirða sorpið fyrir okkur næstu fjögur árin og vonandi gengur sú innleiðing vel. Eflaust verða þó einhverjar breytingar við þau skipti en þó ætlum við að reyna að halda sem mest í það fyrirkomulag sem verið hefur. Við munum í samstarfi við ÍG kynna þjónustuna sameiginlega með útgáfu kynningarefnis en til stendur að þessi breyting verði um næstu mánaðarmót. Tómas Þórir mun þó ekki hætta alfarið að sinna þessum málaflokki því til stendur að hann verði áfram með umsjón með gámasvæðinu á Flúðum o.fl. tengt þeirri starfssemi. Ein ábending sem ég vil koma á framfæri í þessum málaflokki er að þeir sem skila af sér rúlluplasti hafi það flokkað og hreint eins og kostur er en stundum vill verða misbrestur á því. Net og bönd mega ekki fylgja með því sem þarf að koma til eyðingar upp á Gámasvæði auk þess sem rúlluplastið á að vera laust við hey og aðra aðskotahluti.

Nú fara hefðbundin haust- og vetrarverkefni af stað. Búið er að manna félagsmiðstöðina Zero og mun Maja Vilstrup Roldsgaard stýra henni í vetur. Þá er einnig búið að manna félagsstarf eldri borgara í Heimalandi í vetur, en hún Sigga í Laxárhlið ætlar að sjá um það áfram ásamt Guðríði Þórarinsdóttur (Gurru). Byð ég þetta fólk allt velkomið til starfa og veit að þessi mikilvæga starfssemi er í góðum höndum. Skólarnir eru einnig byrjaðir og líf og fjör í kring um þá. Bið ég fólk að sýna tillitssemi í umferðinni í kringum skólana en nú fer skammdegið að síga að.

Þá fer íþróttastarf vetrarins hjá UMFH að hefjast venju samkvæmt og núna eru miklar áskoranir að púsla þessu saman í stærra íþróttahúsi. Ber þar hæst að það verður hægt að tvískipta húsinu. Vonandi tekst þetta allt saman vel en eðlilega tekur tíma að finna út úr ýmsum hlutum í þessu sambandi. Það tekur líka sinn tíma að gera húsið klárt og ýmislegt er seinna á ferðinni en áætlað var. Stafar það m.a. af biluðum búnaði vegna skiptitjaldsins og samhliða verða erfiðleikar og skaranir á að púsla iðnaðarmannakaplinum saman. Húsið ætti samt að vera orðið hæft til æfinga eftir réttir en þó verða eflaust einhverjar truflanir á þeirri starfssemi í einhverjar vikur enn.

Framkvæmdir ársins ganga þokkalega en þó hefur af ýmsum ástæðum gatnaframkvæmdum við Högnastíg og Vesturbrún seinkað en vonandi sér fljótlega fyrir endann á þeim. Sveitarfélagið er að fara yfir hvernig fjárhagsáætlun 2015 gengur upp þetta árið og gera viðauka við hana þar sem er þörf. Reksturinn er í þokkalegu jafnvægi en ljóst er þó að kjarasamningar hafa töluverð áhrif á hann, m.a. vegna endurskoðunar á starfsmati. Þá er einnig ljóst að fjárfestingar ársins verða aðeins meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og þarf að bregðast við því með aukinni lántöku.

Ein ábending er til foreldra og forráðamanna að það hefur brugðið við að börn hafa verið að fara upp á þak á Flúðaskóla og íþróttahúsi til að leika sér. Þó þetta þyki kannski meinlaust þá hefur það þær afleiðingar að dúkurinn á þökunum skemmist og erum við í nokkrum tjónum vegna þess og er ekki á það bætandi í vandamálum flötu þakanna á stofnunum sveitarfélagsins.

Að lokum við ég óska Golfklúbbi Flúða til hamingju með 30 ára afmælið. Þar fer fram góð starfssemi og er seiglu og elju ýmissa manna og kvenna að þakka.

Njótum haustsins saman.

Jón G. Valgeirsson

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **fimmtudaginn 17. sept 2015**

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímapantanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hólsúnd frá landnámi

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Nú styttist í að vetrarstarf félagsins hefjist.

Starfið í kjallaranum byrjar þriðjudaginn 6. október kl. 13.

Leiðbeinendur í vetur verða

Sigríður Guðmundsdóttir, Guðríður Þórarinsdóttir
og Árni Magnús Hannesson.

Anna María Gunnarsdóttir sér um kaffið.

Glerlistanámskeið fer af stað um miðjan október.

Leiðbeinandi verður Einar Jónsson frá Tungufelli.

Væntanlegir þátttakendur eru beðnir að skrá sig hjá

Elínu Guðfinnsdóttur, sími 486 6677/ 867/ 7562 eða hjá
Helgu Magnúsdóttur í síma 486 6632/

Söngfólk athugið!!

Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna hefur starfsemi sína 17.sept. n.k.
og fara æfingar fram í Félagsheimilinu á fimmtudagskvöldum og hefjast
kl 20:30.

Við auglýsum að venju eftir nýjum söngfélögum í allar raddir. Eina skil-
yrðið er að geta sungið og hafa skemmtilegan húnor! ☺

Kirkjukórinn er líflegur félagsskapur og vetrarstarfið framundan fjöl-
breytt og spennandi.

Aðalfundur kórsins verður eftir kaffihlé.

Stjórnin: Magga, Sírý og Gussi.



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Hand-
snyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plökkun.

Tímappantanir í Síma 856-1599



Upplit

Menningarklassi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR!
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866
BREYTTUR OPNUNARTÍMI!!

Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga: 10-17
Laugardaga 11-13
Lokað á þriðjudögum og fimmtudögum

Eftir yndislegt sumarstarf ætla ég að byrja aftur með jóga tíma í Bragganum í Birtingaholti.

Tímarnir byrja þriðjudaginn 8. september – 8. október. Þetta verða alls 10 tímar, klukkutími í senn. Kennt verður á þriðjudögum og fimmtudögum.

Það verða tvær tímasetningar í boði, fyrri hópurinn mætir kl 17.15 og sá seinni kl 18.30.

Eins og fyrr verður námskeiðið á 10.000 kr.

Allir eru velkomnir, bæði þeir sem hafa reynslu af jóga sem og þið hin sem langar að prófa, bæði karlar og konur.

Við munum fara mjúklega af stað inn í veturinn og smátt og smátt reynum við meira á okkur.

Namaste

Lára Jógakennari s.7751662

Facebook.com/jogahjalaru



Afgreiðslutímar í sept./okt.

Kaffi-Sel, golfskálanum verður opið alla daga til og með 13. sept. frá kl. 8.00 til 20.30

Frá 14. sept. verður opið fimmtudaga og föstudaga frá kl. 17.00 til 20.30 og laugardaga frá kl. 10.00 til 20.30

Bændamarkaðurinn verður opinn um Réttarhelgina (fös-sun.) frá kl. 11.00 til 18.00. Lokað frá og með 14. sept.

Utan afgreiðslutíma er hægt að panta fyrir hópa, 10 manns eða fleiri í síma 891-7811 / 661-5935 eða á netfangið: pantanir@kaffisel.is

www.kaffisel.is / Facebook – kaffisel /
Sími 486-6454

Hugmyndasamkeppni!

Til stendur að efna til hugmyndasamkeppni um nafn á „garðinn“ á Flúðum. Hægt er að sjá útfærslur af garðinum á plaggötum í Félagsheimilinu og á www.fludir.is.

Nánar auglýst síðar en um að gera að að fara að spá í hugmyndir að nafni á garðinn.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **432-2770**

Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

ATH!breytt símanúmer

Vetrarstarf Karlakórs Hreppamanna

Karлакór Hreppamanna er nú að hefja sitt 19. starfsár og verður fyrsta æfing þriðjudaginn 15. september kl 20:30 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Margir viðburðir eru framundan hjá kórnum og má þar helst nefna Kötlumótið sem verður 17. október í Reykjanesbæ í umsjá Karlakórs Keflavíkur. Katla er samband sunnlenskra karlakóra og stendur m.a. fyrir kóramóti á 5 ára fresti þar sem allir kórar innan Kötlu koma saman, hver með sína dagskrá og svo syngja allir kórnir á sameiginlegum lokatónleikum. Skemmst er að minnast síðasta Kötlumóts sem haldið var á Flúðum var í umsjá Karlakórs Hreppamanna þar sem um 600 söngmenn komu saman á frábærum tónleikum.

Karлакór Hreppamanna hefur frá stofnun verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa þau hjónin Edit Molnár og Miklos Dalmay við stjórnvölin. Kórin hefur þroskast mikið frá stofnun og hefur á síðustu árum tekist á við mörg krefjandi kórverk og skilað þeim með sóma.

Það styttist í 20 ára afmæli kórsins, 1. apríl 2017 og er stefnan sett á að halda uppá afmælisárið með fjölbreyttum hætti. Til að efla kórin enn frekar leitum við nú að nýjum söngmönnum í allar raddir. Þeir sem áhuga hafa á skemmtilegum félagskap, leiðsögn fagfólks í söng, kórferðalögum innanlands sem og erlendis og metnaðarfullri dagskrá, eru hvattir til að mæta á fyrstu æfinguna okkar. Við viljum líka hvetja gamla féлага sem hafa verið óvirkir undanfarin ár að dusta rykið af nótnamöppunum og mæta á æfingu.





HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar.

Ég þakka ljúfar samverur í hestamannamessu í Stóra-Núpskirkju og í síðsumarmessu í Tungufellskirkju. Gestrisni heimafólks var þar í aðalhlutverki og ánægjulegt var að sjá hve margir sáu sér fært að koma. Nú í lok ágúst var haldinn sameiginlegur fundur allra fjögurra sóknarnefndanna í Hrunaprestakalli. Þar var m.a. farið yfir skipulag vetrarstarfsins sem verður með nokkuð hefðbundnu sniði. Dagskrá helgihaldsins í prestakallinu verður send út í öll hús síðar í mánuðinum og vonandi fær hún pláss á ísskáp heimilisins eða minnistöflu. Fyrsta messan eftir réttir verður í Hrunakirkju 27. september en þar mun sönghópur eldri borgara hér úr uppsveitunum, Tvennir tímar, leiða sönginn undir stjórn Stefáns Þorleifssonar. Annars eru næstu messur í prestakallinu sem hér segir:

27. sept.: *Messa í Hrunakirkju kl. 14. Tvennir tímar syngja.*

11. okt.: *Guðsþjónusta í Ólafsvallakirkju kl.14 og kvöldmessa með léttri tónlist í Hrepphólakirkju kl. 20.*

25. okt.: *Fjölskylduguðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 11 og messa í Stóra-Núpskirkju kl. 14.*

Á þessu haustmisseri stefnir Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna að útgáfu á hljómdiski sem geymir ellefu þekktu sálma eftir sr. Valdimar Briem. Upptökur fóru fram sl. vor og vonir standa til að diskurinn geti ratað í jólagjafir á mörgum heimilum um næstu jól. Nú í september er stefnt að því að lokið verði að hlaða grjótvegg utan um kirkjugarðinn í Hruna og þá er einnig ætlunin að koma upp söguskilti fyrir framan kirkjuna.

Fermingarstörfin hófust með sameiginlegum fundi foreldra, fermingarbarna og prests nú í ágúst og svo þátttöku fermingarbarna í uppskerumessu í Hrunakirkju laugardaginn 5. september. Fræðslusamverur verða á mánudögum kl. 15-17 í október og nóvember. Fermingarbörn eru tólf talsins og verða fermingarathafnir í öllum fjórum sóknarkirkjum prestakallsins um hvítasunnu, 15. og 16. maí 2016. Sem fyrr má fylgjast með því sem framundan er í prestakallinu á hruni.is.

Með blessunaróskum.
Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur



Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmdaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30.



Smárafréttir

SEPTEMBER 2015



FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND - HÆ KRAKKAR !!

Við vonum að þið hafið haft það rosalega gott í sumar og að skólabyrjunin leggst vel í ykkur ☺. Sumarið var gott fyrir okkur hestamenn og margir fóru í styttri og lengri hestaferðir. Nú eru réttirnar væntanlega efst í huga margra. Æskulýðsnefnd Smára stefnir að Haustferð í október og að fræðslukvöldi í nóvember. Endilega hafið samband við okkur ef þið hafið óskir um sérstök ræktunarbú sem ykkur langar að heimsækja. Endilega fylgist vel með fréttum og tilkynningum á Facebooksíðu Smáarakrakkar og á vefsíðu Smára. Okkur langar að deila með ykkur nokkrar skemmtilegar myndir af Brokk og Skokk keppninni í sumar. Hún sló svo sannarlega í gegn og 54 þáttakendur skráðu sig í keppnina. Veðrið var yndislegt og gaman er að segja frá að við fengum góða heimsókn úr nágrennasveitum. Fjölskyldan í Hrosshaga (Sólón, Þórey og börn) úr Bláskógabyggð mætti meira að segja með 3 lið !!

Okkur langar að þakka kærlega eftirfarandi aðilum:

Sveitafélagi Skeiða-og Gnúpverjarheppur, Vinum Skaftholtsréttir
Verslun Samkaup á Flúðum , Verslun Árborg í Árnesi,
Sláturfélagi Suðurlands á Hvolsvelli. Mjólkursamsölunni á Selfossi
Landstólpa og Björgunarsveitinni Sigurgeir

og ekki síst öllum þessum frábærum sjálfboðaliðum úr röðum UMFG, UMFS, UMFH og Hestamannafélags Smára sem mæta ár eftir ár til að aðstoða, til að redda hlutum, til að sjá til þess að allir koma heil á húfi í markið og skemmta sér vel. Kærar þakkir!!!!

Fjölskylduhringur Brokk og Skokk 2015

1. Erikur Gestsson – Helga Kristín Eiríksdóttir – Dropi frá Minna-Hofi
2. Haukur Vatnar Viðarsson – Alda Sól Hauksdóttir – Funi
3. Kolbeinn Loftsson – Bryndís Einarsdóttir – Marta frá Hestheimum

Íþróttahringur Brokk og Skokk 2015

1. Einar Águst Ingvarsson – Valdimar Ingvarsson – Prins frá Fjalli
2. Vala Einarsdóttir – Anna Birta Jóhannesdóttir – Stika frá Egilsstöðum
3. Lára Bjarnadóttir – Gunnlaugur Bjarnason – Seifur frá Stekkjum

Sjáumst hress og kát í Haustferðinni

Kær kveðja, Æskulýðsnefnd Smára



BROKK OG SKOKK 2015



HAUSTFUNDUR SMÁRA verður haldinn í október/nóvember. Hvetjum við félagsmenn til að fylgjast með nánari tímasetningu og mæta á fundinn. Þar verður farið yfir starfið á árinu 2015 og komandi starfsár rætt. Ef þið hafið góðar hugmyndir að viðburðum eða einhverju sem betur mæti fara endilega mætið á fundinn eða sendið erindi til stjórnar á smari@smari.is

WORLDFENGUR FYRIR SKULDLAUSA FÉLAGA

Rétt er að minna á að þeir sem hafa greitt félagsgjald til Smára gefst kostur á að fá frían aðgang að worldfeng. Þeir sem hafa áhuga á því geta sent tölvupóst með nafni, kennitölu og því netfangi sem tengja skal aðgang á smari@smari.is



PÓSTLISTI !!

Þeir sem hafa áhuga á að fylgjast með starfi félagsins og fá áminningar og tilkynningar um það sem framundan er er bent á að senda tölvupóst á smari@smari.is og skrá sig á póstlista. EF þið lumið á fréttum eða tilkynningum væri gaman að birta þær á facebook síðu félagsins og heimasíðunni þannig ekki hika við að senda okkur línu á smari@smari.is Ábendingar um heimasíður félagsmanna eru einnig vel þegnar.

ÁRSHÁTÍÐ **ÁRSHÁTÍÐ** **ÁRSHÁTÍÐ** verður haldin í október.
Ekki láta þessa frábæru skemmtun framhjá ykkur fara.

Fylgist vel með á facebook og www.smari.is





Opið gæðinga og töltmót Smára og Loga var haldið á Flúðum 25-26 júlí og tókst mótið í alla staði frábærlega. Er þetta í fyrsta skipti sem Smári og Logi halda sameiginlegt Gæðingamót eftir farsælt samstarf í vetrarstarfi í nokkur ár. Einnig var þetta í fyrsta sinn sem félögin halda opna gæðingakeppi. Veðrið var með besta móti, hrossin góð og flestir fóru sáttir heim eftir vel heppnað mót sem vonandi er komið til að vera. Úrslit voru birt jafnóðum á facebook og kunni það góðri lukku að stýra. Heildarúrslit frá mótinu má finna á www.smari.is og facebook síðu Smára, ásamt myndir frá mótinu. Hér má sjá efstu hesta frá Smára í öllum flokkum

FERGUSON-TÖLT

OPINN FLOKKUR— Ólafur Ágeirsson og Védís frá Jaðri

UNGMENNI—Hrafnhildur Magúsdóttir og Eyvör frá Blesastöðum 1A

UNGLINGAR—Hekla Salóme Magnúsdóttir og Tinna frá Blesastöðum 1A

BÖRN—Aron Ernir Ragnarsson og Ísador frá Efra-Langholti

SKEIÐ—Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Stúlka frá Hvammi

GÆÐINGAKEPPNI

A FLOKKUR—Draupnir frá Langholtskoti og Guðmann Unnsteinsson

B FLOKKUR—Védís frá Jaðri og Ólafur Ásgeirsson

UNGMENNI—Björgvin Ólafsson og Spegill frá Hrepphólum

ÁSETUVERÐLAUN UNGMENNAFL. Björgvin Ólafsson

UNGLINGAR—Helgi Valdimar Sigurðsson og Hugnir frá Skollagróf

ÁSETUVERÐLAUN UNGLINGAFL. Helgi Valdimar Sigurðsson

BÖRN—Þorvaldur Logi Einarsson og Ísdögg frá Miðfelli 2

ÁSETUVERÐLAUN BARNAFL. Þórey Pula Helgadóttir

Styrktaraðilar mótsins voru eftirfarandi

Jötunn Vélar

Nesey ehf Baldvin og Þorvaldur ehf

Toyota Selfossi tolt.nu/island

Dýralæknameiðstöðin Hellu Landstólpi

Ferðabjónustan Efsta-Dal Garðyrkjustöðin Gufuhlíð

Gullfoss Café við Gullfoss Ketilbjörn ehf Espiflöt ehf

Þeim er þakkað kærlega fyrir stuðninginn sem og dómurum, starfsfólki, keppendum og áhorfendum fyrir frábæra helgi á Flúðum. Hollvinir reiðhallarinnar sáu um veitingasölu á mótinu og rennur ágóðinn til styrktar reiðhöllinni.

Nokkrar myndir frá gæðingamóti Smára og Loga 2015





Limtré Vírnet

Límtré Vírnet leitar að starfsfólki í límtrésverksmiðju á Flúðum

Við leitum að öflugum starfsfólki til framtíðarstarfa í límtrésverksmiðju okkar á Flúðum.

Um er að ræða fjölbreytt störf fyrir bæði trésmiði og verkamenn í framleiðslustörfum.

Starfssvið:

- Vinna í verksmiðju við undirbúning og framleiðslu.
- Sérvinnsla og frágangangur á límtré og fylgihlutum.

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í húsmiði er kostur.
- Reynsla af vinnu við smíðar.
- Stundvísi og vandvirkni.
- Hæfni til að vinna í hópi.

Umsóknarfrestur er til og með 15. september. Nánari upplýsingar veita Sigmundur í síma 412 5372, simmi@limtrevirnet.is, og Aðalsteinn í síma 412 5302, alli@limtrevirnet.is.

Tekið er við umsóknum á netfangið geirlaug@hagvangur.is.



HAGVANGUR

Límtré Vírnet er íslenskt íbúfyrirtæki sem byggir á áratuga reynslu við framleiðslu og sölu á gæðavörum fyrir byggingariðnaðinn á Íslandi.

Starfsstöðvar Límtrés Vírnets eru á fjórar; í Borgarnesi, á Flúðum, í Reykholti í Biskupstungum og í Kópavogi. Límtré Vírnet leggur mikið upp úr öryggismálum og aðbúnaði starfsfólks.

Starfsfólk Límtrés Vírnets kappkostar að veita viðskiptavininum sínum fljóta, góða og örugga þjónustu.